

Forseti Íslands, forsetafrú, ráðherra og aðrir gestir.

Bestu þakkir fyrir Íslensku bókmenntaverðlaunin sem ég tek við með gleði og stolti og innilegu þakklæti til allra þeirra sem aðstoðuðu mig - skrif og útgáfa ævisögunnar var sannarlega ekki einnar konu verk. Líka fagna ég því ef verðlaunin verða til þess að auka athygli á viðfangsefni mínu, Sigurði Þórarinssyni, jarðfræðingi og söngvaskáldi.

Sigurður var ekki aðeins skemmtilegur raunvísindamaður heldur hafði hann yfirgripsmikla þekkingu á mörgum sviðum. Hér er við hæfi að nefna að hann var áhugasamur og mjög vel að sér um bókmenntir og skrifaði ritdóma bæði um fræðibækur og skáldverk. Þær síðarnefndu eru gjarnan kallaðar fagurbókmenntir og listaverk. Þeirri afstöðu andmælti Sigurður á sinn hógværa hátt. Í ritdómi um safn þátta um Ísland og sögu þess – sagðist hann ekki hika við að kalla suma þættina mikil listaverk. Það sama má reyndar segja um fjölmörg skrif Sigurðar sjálfs, ekki síst náttúrulýsingar hans, hrífandi og fagarar, en um leið fræðandi og sannar.

Sigurður vissi að fólk hlustar á fræðimenn - að vissu marki - en ef niðurstöður þeirra þykja óþægilegar bregst fólk illa við og andmælir þeim. Orð skálda eru list og þau skulu standa.

Frá því að Sigurður kom heim frá námi árið 1945 boðaði hann mikilvægi náttúruverndar, benti á uppblástur og landeyðingu, óhóflega framræslu votlendis og ekki síst spjöll og eyðileggingu einstakra náttúrusvæða með ágangi, efnistöku og virkjunum. Jafnvel Mývatn var í hættu. Svo fór að Sigurður fékk skáldið Halldór Laxness með sér í lið. Halldór birti grein sína „Hernaðurinn gegn landinu“ árið 1970. Þá skildu samstarfsmenn Sigurðar, sem daglega fylgdust með ferðum hans, hvers vegna hann hefði átt svo ítrefuð erindi að Gljúfrasteini. Augljóslega hafði hann verið að mennta nóbelskáladið þótt hvorugur hefði hátt um það.

Sigurður var eitt sinn spurður hvers vegna hann hefði kosið að læra jarðfræði. Hann sagðist þakka það góðum náttúrufræðikennara í menntaskóla. Án þeirrar kennslu hefði hann líklega lagt fyrir sig hugvísindi því að þau hefðu verið og væru honum enn hugstæð. Síðan bætti hann við:

„Ég er þeirrar skoðunar, að fátt sé nútímamenningu hættulegra en það, að leiðir raunvísinda og hugvísinda skiljist um of og hefi einhverntíma orðað það þannig, að án raunvísinda sé ekki hægt að lifa og án hugvísinda ekki vert að lifa á þessari jörð“.

Ég ítreka þakkir mínar til samstarfsfólks og fyrir Íslensku bókmenntaverðlaunin.